



Fyrirtæki ársins 2019

Hvernig líður

þínu starfsfólki?

VR



Könnun VR á Fyrirtæki ársins 2019 hefst í lok janúar. Könnunin snýst ekki aðeins um að velja fyrirtæki ársins, því niðurstöðurnar gefa stjórnendum mikilvægar upplýsingar um viðhorf starfsfólks. Niðurstöður úr könnuninni eru mikilvægur mælikvarði á frammistöðu stjórnenda og segja til um stöðu fyrirtækisins í samanburði við önnur fyrirtæki.

ALLIR GETA TEKID ÞÁTT

Könnun VR á Fyrirtæki ársins 2019 verður send til allra félagsmanna VR. En til að gefa sem réttasta mynd af stöðu fyrirtækisins er mikilvægt að sem flestir starfsmenn hvers fyrirtækis taki þátt.

Allt starfsfólk fyrirtækisins getur verið með – ekki aðeins félagar í VR. Stjórnendur geta óskað eftir því að allt starfsfólk fái senda könnun, óháð stéttarfélagsaðild og starfshlutfalli.

HVER ER KOSTNAÐURINN?

Fyrirtæki bera ekki kostnað vegna þátttöku starfsmanna sem eru félagsmenn í VR en greiða fyrir starfsfólk sem er utan félagsins. Þá geta fyrirtæki keypt ítarlega greiningu á niðurstöðum fyrir sitt fyrirtæki. Fyrirtæki greiða fyrir þátttöku alls starfsfólks og/eða skýrslu beint til Gallup.

Kostnaður við þátttöku starfsmanna utan VR er sem hér segir:

- Minni fyrirtæki – 56.900 kr.
- Meðalstór fyrirtæki – 68.900 kr.
- Stærri fyrirtæki – 79.900 kr.

330 kr. bætast við fyrir hvern starfsmann sem ekki er í VR.

Kostnaður við sérgreiningar:

- Minni fyrirtæki – 99.900 kr.
- Meðalstór fyrirtæki – 129.900 kr.
- Stærri fyrirtæki – 159.900 kr.

Allar tölur eru án vsk. Gallup innheimtir þennan kostnað.

Sérgreining er skýrsla með niðurstöðum fyrirtækisins, samanburði við önnur fyrirtæki og fyrri mælingar.

FIMM FYRIRTÆKI VALIN Í HVERJUM FLOKKI

Í maí 2019 verður tilkynnt hvaða fyrirtæki hafa orðið fyrir valinu sem Fyrirtæki ársins. Valið á Fyrirtæki ársins fer fram í þremur flokkum og eru fimm fyrirtæki valin í hverjum stærðarflokki. Alls fá því fimmtán fyrirtæki titilinn Fyrirtæki ársins 2019.

VALIÐ ÚR FYRIRTÆKJUM SEM BJÓÐA ÖLLUM ÞÁTTTÖKU

Eingöngu þau fyrirtæki þar sem allir starfsmenn hafa tækifæri til þátttöku koma til greina sem fyrirtæki ársins. Þannig standa öll fyrirtæki jöfn að vígi í valinu.

SVONA VERÐUR ÞITT FYRIRTÆKI ÞÁTTTAKANDI

Sendu lista til steinunn@vr.is fyrir **15. janúar 2019** með eftirfarandi upplýsingum:

- Kennitölur, nöfn og tölvupóstföng allra starfsmanna – bæði VR félaga og annarra starfsmanna. Látið farsímanúmer fylgja ef viðkomandi starfsmaður er ekki með netfang.
- Nafn og kennitölu þíns fyrirtækis.

Sendu þarf lista þó að allir starfsmenn þíns fyrirtækis séu í VR. Þannig tryggir þú þátttöku fyrirtækisins í vali á Fyrirtæki ársins 2019. Rafrænis spurningalistar verða sendir út á íslensku, ensku og pólsku. Gallup sér um framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu niðurstaðna. Könnunin er eingöngu rafræn.

NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:

Steinunn Böðvarsdóttir hjá VR (steinunn@vr.is)
Tómas Bjarnason (tomas.bjarnason@gallup.is) og
Vala Jónsdóttir (vala.jonsdottir@gallup.is) hjá Gallup.

Einnig má nálgast helstu upplýsingar um val á Fyrirtæki ársins 2019 á vr.is.

Viðurkenningar eru veittar í þessum flokkum

Minni fyrirtæki

Færri en 30 starfsmenn

Meðalstór fyrirtæki

30 til 69 starfsmenn

Stærri fyrirtæki

70 starfsmenn eða fleiri

